

## LEIÐBEININGAR

### við reglur nr. 880/2009 um gjaldeyrismál, sbr. 15. gr. þeirra.

Gefnar út 9. nóvember 2009 með viðbótum 19. nóvember 2009.

#### 2. gr.: Fjármagnshreyfingar

Fjármagnshreyfing á milli landa merkir yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila. Af því leiðir að allar fjármagnshreyfingar sem fela í sér yfirfærslu eða flutning á fjármunum til og frá landinu teljast til fjármagnshreyfinga á milli landa. Þannig felur yfirfærsla á fjármunum milli reikninga í innlendri fjármálastofnun og reikninga í erlendri fjármálastofnun ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa og gildir þá einu hvort verið sé að færa fjármuni á milli reikninga í eigu sama aðila, eða ekki.

Að auki tekur fjármagnshreyfing á milli landa til yfirfærslu eða flutnings á fjármunum sem á sér stað á milli innlendra og erlendra aðila, óháð því hvort slík yfirfærsla eða flutningur feli í raun í sér yfirfærslu eða flutning á fjármunum til og frá landinu. Þannig er yfirfærsla eða flutningur á fjármunum sem á sér stað hér á landi milli innlendra og erlendra aðila, fjármagnshreyfing á milli landa.

Til skýringar á framangreindu er eftirfarandi nefnt í dæmaskyni:

- i. millifærsla á innlendum gjaldeyri milli Vostro-reiknings í eigu erlends fjármálafyrirtækis og reiknings viðskiptavinar hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, innlendum sem erlendum aðila, telst til fjármagnshreyfingar á milli landa og því óheimil skv. 2. gr. (t.d. MT103 SWIFT greiðsluskeyti),
- ii. millifærsla á innlendum gjaldeyri milli tveggja Vostro-reikninga í eigu erlendra fjármálafyrirtækja telst ekki til fjármagnshreyfingar á milli landa og er því heimil skv. 2. gr. (t.d. MT202 SWIFT greiðsluskeyti).<sup>1</sup>

Af 2. og 3. mgr. 2. gr leiðir að ekki er heimilt að flytja verðbréf, hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjöl og aðra framseljanlega fjármálagerninga, útgefna í innlendum gjaldeyri, úr vörslu erlends fjármálafyrirtækis yfir á vörslureikning í innlendu fjármálafyrirtæki nema að fenginni undanþágu frá Seðlabanka Íslands. Ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. gilda ekki um:

- i. flutning á fjármálagerningum, útgefnum í erlendum gjaldeyri, ef þeir eru fluttir úr vörslu hjá erlendu fjármálafyrirtæki til vörslu hjá innlendu fjármálafyrirtæki. Slíkur flutningur skal ekki hafa áhrif á endurfjárfestingarheimild eiganda, sbr. 1. mgr. 5. gr.,
- ii. flutning á vörslu fjármálagerninga milli tveggja erlendra fjármálafyrirtækja annars vegar og flutning á vörslu fjármálagerninga milli tveggja innlendra fjármálafyrirtækja hins vegar, óháð því hvort fjármálagerningur er útgefinn í innlendum eða erlendum gjaldeyri.<sup>1</sup>

Vara og þjónusta, sem er afhent af hálfu seljanda og þjónustuveitanda hér á landi og nýtt og greidd af hálfu erlends aðila sem staddur er hér á landi, telst ekki útflutningur vöru- og þjónustu í skilningi 2. tl. 3. mgr. 2. gr.

Forsenda þess að fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri sem undanþegnar eru bannákvæði 3. mgr. 2. gr., sbr. tölul. 1-4. geti átt sér stað, er að greiðsla þeirra fari fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.<sup>1</sup>

Þegar um er að ræða viðskipti með fjármálagerninga hér á landi, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 2. gr, útgefna í innlendum gjaldeyri, skulu reikningar erlendra fjármálafyrirtækja (Vostro reikningar) teljast til reikninga hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. [Þannig getur erlent

<sup>1</sup> 19. nóvember 2009

fjármálafyrirtæki keypt fjármálagerning hér á landi útgefinn í innlendum gjaldeyri og greitt fyrir hann með millifærslu af Vostro-reikningi sínum. Við endursölu á slíkum tegundum fjármálagerninga skal uppgjör eingöngu fara fram með greiðslu inn á Vostro-reikning viðkomandi fjármálafyrirtækis.]<sup>1</sup>

### 3. gr.: Gjalddeyrisviðskipti

Heimild erlendra aðila til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt 10. gr. nær í skilningi ákvæðisins einungis til greiðslna sem erlendum aðili fær frá innlendum aðila hér á landi.

Með framfærslu í skilningi 2. másl. 3. mgr. er átt við nauðsynleg og eðlileg útgjöld einstaklings og fjölskyldu hans, t.a.m. kostnað vegna húsnæðis, fæðis, fatnaðar, læknis o.s.frv. Útgjöld sem hafa fallið til fyrir meira en sex mánuðum síðan skulu ekki teljast til eigin framfærslu í skilningi þessa málsliðar.

### 6. gr.: Fjárfesting í öðrum eignum

Til að uppfylla undanþágu samkvæmt 2. mgr. verður aðili að framvísa afriti af kaupsamningi fasteignar og staðfestingu Þjóðskrár á búferlaflutningum því til sönnunar að fasteignaviðskipti erlendis séu vegna búferlaflutninga.

Geti aðili sýnt fram á innflutning, samkvæmt 3. mgr., vegna fyrri sambærilegra viðskipta skal slík sönnun vera talin fullnægjandi fyrir því að fjárfesting uppfylli skilyrði málsgreinarinnar um að vera ætluð til innflutnings. Hrávara, farartæki og vinnuvélar eru einungis nefnd í dæmaskyni og er því ekki um tæmandi talningu að ræða.

### 10. gr.: Vextir, verðbætur, arður, hagnaðarhlutur og afborganir

Innlendum aðilum er einungis heimilt að eiga gjalddeyrisviðskipti, á grundvelli 10. gr., til að standa við slíkar greiðslur til erlendra aðila.

Ákvæði 10. gr. veitir ekki heimild til að skipta eftirfarandi vaxtagreiðslum yfir í erlendan gjaldeyri:

- 1) vöxtum af erlendum skuldabréfum sem gefin eru út af erlendum aðilum í krónum („jöklabréfum“),
- 2) vöxtum af krónureikningum hjá erlendum fjármálafyrirtækjum [(þ.m.t. Vostro-reikningum)]<sup>1</sup>,
- 3) vöxtum af hvers kyns fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum aðilum.

Gengishagnaður fellur ekki undir 10. gr.

Ætlast er til þess að fjármálastofnanir sendi upplýsingar um allar vaxtagreiðslur til alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands (kronubord@sedlabanki.is). Upplýsingar fyrir hvern viðskiptadag skulu hafa verið móttæknar fyrir kl. 14:00 daginn eftir að gjaldeyrir var seldur. Nauðsynlegt er að eftirfarandi upplýsingar komi fram:

#### *Skuldabréf*

- a. Nafn og/eða kennitala aðila.
- b. Skuldabréfaflokkur.
- c. Fjárhæð vaxta.
- d. Dagsetning vaxtagjalddaga og gjalddeyrisviðskipta.

<sup>1</sup> 19. nóvember 2009

*Hagnaður*

- a. Nafn og/eða kennitala aðila.
- b. Nafn félagsins.
- c. Fjárhæð arðgreiðslna.
- d. Dagsetning arðgreiðslu og gjaldeyrisviðskipta.

11. gr.: *Ýmsar fjármagnshreyfingar*

Í tilefni af fjármagnshreyfingu vegna gjafar skal óskað eftir upplýsingum um tilefni hennar og tengsla gefanda og gjafþega.

Gefandi og styrkveitandi skulu vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem gefnir eru/styrkt er um. Vakni grunur um að gjöf eða styrkur sé fjármagnaður af þriðja aðila skal hafna beiðni um fjármagnshreyfingu og gjaldeyrisviðskipti. Við mat á slíku skal m.a. líta til þess hvort fjárhæð gjafar eða styrks er í samræmi við eðlilega veltu á reikningi gefanda/styrkveitanda.

Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning gjafþega eða reikning góðgerðarsamtaka eða annarra hliðstæðra aðila. Gefandi og gjafþegi, styrkveitandi og styrkþegi geta ekki verið einn og sami aðili.

Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar eru laun í skilningi 11. gr.

12. gr.: *Skilaskylda á erlendum gjaldeyri*

Seld vara og þjónusta eru einungis nefnd í dæmaskyni og er því ekki um tæmandi talningu að ræða.

*Seðlabanki Íslands  
9. nóvember 2009*

<sup>1</sup> 19. nóvember 2009